



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Alþingi
Erindi nr. P 130/2513
komudagur 25.5.2004

Iðnaðarnefnd Alþingis
Hr. Kristinn H. Gunnarsson

Reykjavík, 24.maí 2004

Minnisblað til Iðnaðarnefndar

Formaður Iðnaðarnefndar Kristinn H. Gunnarsson óskaði eftir því, við undirritaðan, að hann gerði frekari grein fyrir ástæðum þess að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði veitt heimild til að leggja fé úr Stofnsjóði í framtakssjóði með öðrum fjárfestum.

Eins og kunnugt er þá er mikill skortur á fjármagni til fjárfestingaverkefna á sviði nýsköpunar. Það ástand er ekki sér íslenskt, heldur alþjóðlegt. Víða um heim er hið opinbera að endurskoða og efla umhverfi áhættufjármagns með beinum eða óbeinum hætti. Undirritaður hefur kynnt sér hvernig málum er háttað erlendis og þá sérstaklega í Danmörku þar sem systursjóður Nýsköpunarsjóðs, Vækstfonden, var heimsóttur og kominn er vísir að samvinnu á milli sjóðanna. Vækstfonden hefur nýlega endurskoðað stefnu sína og breytt að mörgu leiti. Þeir hafa m.a. innleitt nýja starfsemi sem er sjóðasjóðir, þ.e. að stofna framtakssjóði með öðrum og er nú svo komið að Vækstfonden hefur tekið þátt í að stofna um 10 sjóði frá árinu 2000. Megin ástæða þess að Vækstfonden hefur lagt svo mikla áherslu á þessa starfsemi á síðustu árum er sú, að þeir eru að reyna að auka það fé sem til ráðstöfunar er til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Það gera þeir með því að leggja fé inn í sjóði með öðrum fjárfestum svo sem lífeyrissjóðum og bönkum. Markmið þeirra er, að efla framtaksfjárfestingamarkað í Danmörku sem muni leiða af sér öflug fyrirtæki í framtíðinni. Jafnframt hafa þeir það að markmiði, að laða að erlent fjármagn í svona sjóði og hefur það tekist í einu tilfelli til þessa.

Fyrir okkur, hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, vakir í raun sama ástæða og hjá Vækstfonden. Okkar markmið er að reyna að auka það fé sem er til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum á Íslandi. Það teljum við að hægt sé að gera með því að stofna sjóði með öðrum. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað við forsvarsmenn lífeyrissjóða og greinilegt er, að þeir telja að lífeyrissjóðir eigi að koma að þessum málum í einhverju mæli. Einnig er hægt að nefna að hugsanlegt er, að European Investment Fund (EIF) taki þátt í stofnun framtakssjóðs á Íslandi. Þeir eru tilbúnir til að koma með allt að 25% þess fjármagns sem til þarf en setja m.a. sem skilyrði, að samanlagt opinbert fé og fé frá EIF fari ekki yfir 49%. EIF hefur tekið þátt í að stofna sjóði um alla Evrópu og væri það mikill akkur fyrir okkur hér ef tækist að fá þá inn í stofnun sjóða á Íslandi.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Raunverulegar viðræður um stofnun framtakssjóða milli Nýsköpunarsjóðs og annarra geta hins vegar ekki farið fram fyrir en heimild er skýr í lögum um að Nýsköpunarsjóði sé heimilt að fara inn í slíkan sjóð. Þess vegna er óskað eftir þeirri heimild með því frumvarpi sem nú liggur fyrir.

Það er mikilvægt að nefndin geri sér grein fyrir, að til þess að Nýsköpunarsjóður geti tekist á hendur það hlutverk að standa að þróun áhættufjárfestingamarkaðar með myndun sjóðasjóða, þarf að efla sjóðinn. Einfaldasta leiðin til að gera það, er að láta framtakssjóðina renna inn í Stofnsjóð. Ef Nýsköpunarsjóður verður ekki styrktur með þessum hætti eru líkur á að stofnun sjóða með öðrum verði orðnar mjög litlar.

Virðingarfyllt

Gunnar Örn Gunnarsson
framkvæmdastjóri